



Reykjavík 20. febrúar 2019

Nefndarsvið Alþingis

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs), 154. mál.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) ítrekar umsögn sína frá 27. febrúar 2017.

Fíh tekur undir með flutningsmönnum að lengja þurfi fæðingarorlof í 12 mánuði enda er um mikilvægt velferðarmál ungra fjölskyldna að ræða, ekki hvað síst ungbarnanna.

Í 2.gr. laganna segir að markmið þeirra sé að tryggja barni samvistir við báða foreldra. Þá er þeim einnig ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Í breytingatillögnum er gert ráð fyrir að fæðingarorlof lengist úr níu mánuðum í tólf og hvort foreldri eigi sjálfstæðan rétt í allt að fimm mánuði sem ekki er framseljanlegur. Í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að með lengingu fæðingarorlofs sé verið að auka rétt beggja foreldra auk þess sem ungbörn fá meiri tíma til samvista með foreldum sínum. Fíh telur ekki einsýnt að við þessa breytingu fái ungbörn meiri tíma með foreldum sínum. Ef annað foreldrið getur ekki tekið 5 mánuði í fæðingarorlof fær ungbarn eingöngu 7 mánuði í stað 12 með foreldri sínu. Tilgangur frumvarpsins verður því ekki fyrst og fremst aukin velferð barnsins heldur er megin áhersla lögð á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Sýnt hefur verið fram á, með ýmsum rannsóknum, mikilvægi tengslamyndunar barna og foreldra í upphafi fyrir heilbrigði barnsins síðar á ævinni.

Fíh ítrekar að ekki megi ganga á hagsmuni og rétt barnsins til samvista við foreldri/-a sem greinilega verður gert ef réttur annars foreldris verður ekki að hluta eða öllu leyti framseljanlegur.

Fíh gerir eftirfarandi breytingatillögu við 8.gr. laganna: Í stað orðanna „Þessi réttur er ekki framseljanlegur“ komi „Þessi réttur er að öllu jöfnu ekki framseljanlegur. Hægt er að framselja hann til hins foreldrisins, við ákveðnar aðstæður, um allt að þrjá mánuði.“

Með þessu móti er hægt að tryggja öllum börnum rétt til allt að 10 mánaða samvista við foreldra sína í stað 6 mánaða eins og nú er.

Virðingafyllst,

Guðbjörg Pálsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga